

## 11. gr.

Formaður boðar til stjórnarfundar. Honum er skylt að halda stjórnarfund, er a. m. k. tveir stjórnarmenn krefjast þess.

Stjórnarfundur er ályktunarfær ef formaður og tveir stjórnarmenn eða vara-  
stjórnarmenn sækja fundinn, hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnar-  
fundum. Gerðir stjórnarinnar skulu bókfærðar.

## Ákvæði til bráðabirgða:

## 12. gr.

Á stofnfundi skal kosin fyrsta stjórn félagsins, svo og endurskoðendur er sitji  
til fyrsta aðalfundar félagsins, sem haldinn verður í maí 1981.

## 13. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## 14. gr.

Skipulagsskrá þannig samþykkt á stofnfundi Styrktarfélags Íslensku Óperunnar,  
hinn 3. október, 1980.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Íslensku Óperuna, útgefin á venju-  
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. október 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ****fyrir Íslensku Óperuna.**

## 1. gr.

Íslenska Óperan er stofnuð að frumkvæði Styrktarfélags Íslensku Óperunnar  
er starfar samkv. sérstakri staðfestri skipulagsskrá.

## 2. gr.

Íslenska Óperan er sjálfseignastofnun með heimili og varnarþing í Reykjavík.

## 3. gr.

Markmið Íslensku Óperunnar er að koma á fót föstum sýningum á óperum og  
óperettum í Reykjavík og með því byggja upp atvinnugrundvöll fyrir íslenska  
söngvara svo þeir megi nota menntun sína og hæfileika sér til lífsviðurværis.

## 4. gr.

Markmiði sínu hyggst Íslenska Óperan ná m. a. með því að vinna að því að  
koma upp húsi fyrir starfsemi sína og með því að fastráða söngvara eftir því sem  
efni leyfa.

Fjárhagsgrundvöllur Íslensku Óperunnar er byggður á eftirfarandi:

- a) aðgöngumiðsölu að óperu- og óperettusýningum,
- b) framlagi Styrktarsjóðs Íslensku Óperunnar,
- c) gjöfum og styrkjum sem íslensku Óperunni áskotnast.

## 6. gr.

Stjórn Íslensku Óperunnar er í höndum Styrktarfélags Íslensku Óperunnar og er stjórn styrktarfélagsins jafnframt stjórn Íslensku Óperunnar, sbr. 9. gr. skipulagsskrár styrktarfélagsins.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra til þess að sjá um daglegan rekstur Íslensku Óperunnar. Að öðru leyti vísast til skipulagsskrár styrktarfélagsins um valdssvið stjórnarinnar.

## 7. gr.

Reikningsár Íslensku Óperunnar er almanaksárið og skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun reikninga fyrir lok aprilmánaðar ár hvert, en endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir aðalfund Styrktarfélags Íslensku Óperunnar, sbr. 7. gr. skipulagsskrár styrktarfélagsins.

Endurskoðun annast kjörnir endurskoðendur Styrktarfélags Íslensku Óperunnar.

## 8. gr.

Legg'ist starfsemi Íslensku Óperunnar af einhverjum ástæðum niður, enda hætti Styrktarfélag Íslensku Óperunnar að starfa, skulu eignir hennar varðveittar á vegum Reykjavíkurborgar, uns komið hefur verið á fót að nýju, sambærilegri eða svipaðri starfsemi, en þá má verja eignunum til styrktar henni.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á þessari skipulagsskrá.

## 10. gr.

Skipulagsskrá þannig samþykkt á stofnfundi Styrktarfélags Íslensku Óperunnar hinn 3. október, 1980.

**REGLUGERÐ****um almenna innköllun myntar og peningaseðla.**

## 1. gr.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 35 frá 29. maí 1979 um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils hundraðfaldast verðgildi krónunnar frá og með 1. janúar 1980.

Samfara verðgildisbreytingunni fara fram gjaldmiðilsskipti.

Með hl'ðsjón af 7. gr. greindra laga, sbr. 10. gr. laga nr. 22 frá 23. apríl 1968 um gjaldmiðil Íslands, hefur ráðuneytið ákveðið að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands að innkalla skuli eftirgreinda peningaseðla og slegna peninga með almennri innköllun:

**A. Slegn'r peningar (mynt):**

1 króna. Útgefnir 1925—1980..

- a) fyrir stofnun lýðveldisins frá 1925.
- b) eftir stofnun þess frá 1946 til 1975.
- c) peningur úr áli frá 1976.

5 krónur Útgefnir 1969—1980.

10 krónur Útgefnir 1967—1980.

50 krónur Útgefnir 1968—1980.

- a) minnispeningur, útg. 1968 (með umferðargildi).
- b) Peningar útgefnir frá 1970 til 1980.